Fornleifarannsókn við Grímsstaðavör



Stefán Ólafsson

FS656_17221
Reykjavík 2017

© Fornleifastofnun Íslands ses
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Veffang: fsi@instarch.is

Samantekt
Þegar unnið var að jarðvegsskiptum umhverfis grásleppuskúra við Ægissíðu komu í ljós hreyfð mannvistarlög. Rannsókn á svæðinu leiddi í ljós að þar hafði átt sér stað efnistaka, sennilega hvoru tveggja torf- og mótaka. Síðan hafði landið verið sléttað áður en þar risu grásleppuskúrar um miðja 20. öld.



Á loftmyndinni sést rannsóknarsvæðið sem fjallað er um í skýrslunni. Á henni sjást fjórir númeraðir skurðir sem afmarkaðir eru með rauðri línu og einnig afstaðan þeirra á milli. Númer skurðanna vísa til umfjöllunar um hvern og einn. Loftmynd FSÍ / Stefán Ólafsson.



Skurður 1 við upphaf rannsóknar.

Inngangur

Um miðjan júlí hófust framkvæmdir á vegum Reykjavíkurborgar við grásleppuskúra er standa við Ægissíðu og eru þær liður í verkefni sem nefnist Betri hverfi 2017. Í þessu verkefni er unnið með íbúakosningu hvers hverfis, um tilteknar hugmyndir sem snúa að úrbótum innan þess. Út frá niðurstöðum íbúakosningar í Vesturbæ sem fór fram 2016 var farið í að fegra umhverfi grásleppuskúrana við Ægissíðu og fólust þessar aðgerðir meðal annars í umskiptum á jarðvegi umhverfis grásleppuskúranna (Tillaga að úrbótum - Grímsstaðavör - Betri hverfi 2017). Upphaflega var áætlað að ekki yrði skipt um jarðveg nema niður á 30cm dýpi (sjá skipulagsuppdrátt: Betri hverfi 2017 - vestur. Grímsstaðavör - Frágangur við grásleppuskúra) en víðast hvar var þó grafið nokkru dýpra en svo og sumstaðar meira en 50cm. Við þessar framkvæmdir komu í ljós torflög með svartri gjósku sem talin er vera úr Kötlu og er jafnan nefnd K1500. Þegar starfsfólk Borgarsögusafns varð vart við mannvistarlögin var haft samband við Minjastofnun Íslands sem sendi starfsmann á vettvang en þá þegar var búið að skipta um jarðveg og því gat hann ekki skorið úr um hvers konar minjar var um að ræða. Niðurstaða fundar sem starfsfólk Borgarsögusafns átti með starfsmönnum Minjastofnunar Íslands var að rétt væri að fornleifafræðingur skoðaði fjóra tiltekna staði á framkvæmdasvæðinu þar sem sést hafði í torflög.

Hinn 20. júlí 2017 leitaði starfsmaður Borgarsögusafns Reykjavíkur fyrir hönd Reykjavíkurborgar til Fornleifastofnunar Íslands ses og óskaði eftir því að stofnunin gerði könnun á fornleifum sem komu í ljós á umræddu framkvæmdasvæði. Rannsóknarvinna hófst 21. júlí. Byrjað var á því að fjarlægja möl af þeim fjórum tilteknu svæðum þar sem sést hafði í torf og var það gert með gröfu. Við skoðun sást að talsvert var af torfleifum og hreyfðum jarðvegi í öllum skurðunum fjórum. Ákveðið var í samráði við Minjastofnun Íslands að hreinsa skurðina aðeins betur til að fá skilning á því um hvers konar minjar væri að ræða. Hér

verður framvegis vísað til þessara skurða með númerum frá 1-4 (sjá kort bls. 4) Við skráningu mannvistarlaga var fylgt svokallaðri einingaraðferð sem á ensku kallast „single context recording.“ Vinnu á vettvangi lauk 1. ágúst og var þá strax gengið frá svæðinu sem fólst í því að umræddir skurðir voru fylltir með möl.

Fornleifafræðingar sem komu að verkinu voru Adolf Friðriksson, Mjöll Snæsdóttir, Gylfi Björn Helgason og Stefán Ólfasson sem jafnframt var leyfishafi.



Unnið að hreinsun upp úr skurði 4.

Umfjöllun

Framkvæmdasvæðið er eins og áður sagði við grásleppuskúra við Ægissíðu, þeir standa örskammt frá sjó framan við íbúðarhús nr. 62, 64 og 66 við Ægissíðu. Skúrarnir eru alls fjórir og standa þeir nyrstu tveir fast saman.


Skurður 1

Skurður 1 var 7x3,6m að stærð og er hann vestanmegin við nyrstu skúrana tvo. Í austursniði skurðarins sem lá meðfram allri vesturhlið skúranna sáust skorin óröskuð jarðlög og hreyfð mannvistarlög. Mannvistarlögin náðu alveg upp að grasrót og því hafði grafan raskað hluta þeirra. Í mannvistarlögunum mátti greina torfhnausa með svörtu gjóskulagi, svonefndu K1500 lagi, ásamt mjög taðkenndum jarðvegi sem einnig innihélt sama gjóskulag og torfið. Framan og vestan við þetta snið voru teknir þrír minni skurðir til að athuga það svæði einnig. Það einkenndist einnig af skornum náttúrulegum lögum en upp að þeim lágu mjög blönduð mannvistarlög. Engin ummerki eftir byggingar fundust í þessum skurði.






Skurður 1 við lok rannsóknar. Þrír litlir skurðir voru grafnir í svæðið og snið þeirra teiknuð (sjá bls. 7).




Myndin sýnir skurð 1. Í það svæði voru teknir 3 mun minni skurðir og sýnir myndin afstöðuna á milli þeirra. Þessir litlu skurðir sýna óreglulega gryfju sem fyllt hefur verið með hreyfðum mannvistarlögum sem í er torf og taðkenndur jarðvegur. Í torfinu er svört gjóska sem mun vera úr Kötlu og er jafnan vísað til hennar sem K1500.

Skurður 2

Skurður 2 var 6,8x2,4 m að stærð og var hann austan við nyrstu skúrana og lá meðfram allri austurhlið þeirra. Í vestursniði skurðarins sáust skorin óröskuð jarðlög og hreyfð mannvistarlög. Í þessum skurði hafði grafan farið alveg niður í óhreyfðan jarðveg en af sniðinu að dæma náðu mannvistarlögin alveg upp að grasrót og því hafði grafan fjarlægt töluverðan hluta þeirra. Í mannvistarlögunum mátti greina torfhnausa með svörtu gjóskulagi sem talið er komið frá Kötlu um 1500. Þar mátti einnig sjá taðkennd lög og í þeim sást sama gjóskulagið. Engin ummerki eftir byggingar fundust í þessum skurði.



Sniðteikning af vestursniði í skurði 2. Lýsing mannvistarlaga: lög 005, 009 og 010 eru yfirborðlög eða grasrót. Lög 006, 007 og 011 eru hreyfð, brún og ljósbrún mannvistarlög með rauðbrúnum flekkum. Lög 008, 021 og 013 eru hreyfð mannvistarlög með torfi í og í torfinu vottar fyrir svartri gjósku sem mun vera K1500 og mun þetta að öllum líkindum vera einhvers konar fyllingarefni í skurðum sem grafnir hafa verið á svæðinu. Tilgangurinn með að fylla skurðina hefur þá að öllum líkindum verið að jafna út og slétta landið. Lag 012 er brúnt og hreyft mannvistarlag með torfi í og gæti verið hluti af 021. Það er aðeins ljósara en 021 og svarta gjóskan ekki eins greinileg. 016 er fylling í holu 017 sem tengist að öllum líkindum skúrbyggingu sem er fyrir ofan sniðið og sama á við um holu 014 og fyllingu hennar 015. Skurðir 018, 019 og 020 eru að öllum líkindum ummerki eftir efnistöku á svæðinu.



Skurður 2, suðurendi vestursniðs.



Skurður 2, horft til norðurs.

Skurður 3


Skurður 3 var fast suðvestan við skurð 1 og má heita að skurðirnir tengist á hornum. Skurður 3 var rúmlega 2x2m að stærð og 50cm djúpur. Greinilega mátti sjá í öllum sniðum hans, sem voru til norðurs, vesturs og suðurs að jarðvegurinn sem hafði verið fjarlægður með gröfunni var einungis þétt malarlag. Malarlag þetta lá hins vegar beint ofaná hreyfðu torflagi. Út frá rannsóknarniðurstöðum í skurði 1 sem fjallað verður um í niðurstöðukafla þessarar skýrslu var ákveðið að gera lítinn könnunarskurð í suðvesturhorni skurðarins til að fá frekari staðfestingu á notkun svæðisins. Ekki þótti ástæða til að skrá eða rannsaka þennan skurð frekar.



Í öllum sniðum skurðar 3 sást einungis þétt malarlag sem lá beint ofaná hreyfðum mannvistarlögum.

Skurður 4

Skurður 4 var fast austan við næstsyðsta skúrinn. Skurðurinn var 2,8x1m að stærð og um 50cm á dýpt. Við jarðvegsskiptin hafði verið grafið alveg niður í óhreyfðan jarðveg en af sniðinu að dæma náðu mannvistarlögin alveg upp að grasrót og því hafði stór hluti þeirra verið skertur af gröfunni. Í mannvistarlögunum mátti greina torfhnausa með gjóskulagi sem talið er komið frá Kötlu, og kallað er „Katla 1500“ ásamt mjög taðkenndum jarðvegi sem einnig innihélt sama gjóskulag. Engin ummerki eftir byggingar fundust í þessum skurði.



Teikningin sýnir vestursnið í skurði 4. Lýsing mannvistarlaga: 001 er blandað moldarlag og í því eru fínkornóttar sandlinsur og brot úr steyptum hellum. 002 er blandað torflag og í torfinu vottar fyrir svartri gjósku (K1500). 003 er að öllum líkindum sama lag og 002 en er skorið af holu 004. Hola 004 er að öllum líkindum tengd skúrbyggingunni fyrir ofan sniðið.



Vestursnið í skurði 4.

Niðurstöður

Rannsóknin við Grímstaðavör leiddi í ljós að þar höfðu gryfjur verið teknar og síðar fylltst eða verið fylltar af hreyfðum mannvistarlögum. Gryfjurnar virtust óreglulegar að stærð og gerð. Þetta bendir til þess að rannsóknarsvæðið hafi verið notað sem efnistökustaður. Í óhreyfðu jarðlagasyrpuna vantar gjóskulag sem kallað er Katla 1500 og bendir það til þess að hún ásamt nærliggjandi jarðlögum hafi verið fjarlægð áður en gryfjurnar sem sáust í sniðum skurða 1 og 2 voru teknar. Það má því ætla að torf hafi verið skorið á svæðinu, og ef til vill stunginn þar mór. Á einhverju stigi málsins hafa gryfjurnar verið fylltar með torfi og hugsanlega gömlu taði. Í fyllingarefninu var hreyft gjóskulag og er þessi gjóska kennd við Kötlu 1500. Sléttun á landi sem hefur áður verið grafið sýnir breytta notkun á því. Hér gæti því verið að finna dæmi um það hvernig mógrafarlandi hefur verið breytt í tún. Torfleifar í fyllingunum benda til þess að einhvers staðar í nágrenninu hafi staðið eitthvert mannvirki úr torfi, og kemur þá til greina garðlag eða einhver bygging. Taðblönduðu lögin má túlka sem vísbendingu um skepnuhús. Þessi bygging eða mannvirki hefur verið felld eða verið sléttuð út. Gunnar Guðjónsson (f. 1941) sem byggði skúr (sennilega á sjöunda eða áttunda áratug tuttugustu aldar) sem stendur við rannsóknarsvæðið rekur ekki minni til þess að neitt hafi verið sýnilegt á yfirborði þegar skúrarnir voru reistir en elsti skúrinn sem enn stendur mun vera byggður af Guðjóni Bjarnasyni föður Gunnars á árabilinu frá 1945-1951 (Gunnar Ingibergur Guðjónsson - munnleg heimild).

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru því þær að framkvæmdir, í formi efnistöku, virðast byrja á svæðinu eftir að gjóskulagið sem kennt er við Kötlu K1500 féll og svo má ætla að landið hafi verið sléttað í lok 19. aldar. Vestan við rannsóknarsvæðið er Grímsstaðavör og dregur hún nafn sitt af bænum sem hún tilheyrði en hann mun hafa staðið á svipuðum stað og húsið Ægissíða 62 stendur nú sem er 80-90m suðvestan við rannsóknarsvæðið. Breytt nýting á svæðinu kann að tengjast uppbyggingu Grímsstaða en þeir voru byggðir upp af Grími Egilssyni 1842 (Klemens Jónsson 1929, bls. 242) út úr landi Skildinganess. Túnasléttunin gæti því hafa verið liður Grímsstaðabóndans til að stækka tún sín og eða laga landið við vörina sem hefur orðið að athafnasvæði með tilkomu vararinnar. Efnistakan gæti aftur á móti hafa verið unnin frá Skildinganesi. Það má styðja þessa tilgátu með því að eldra nafn Grímsstaðaholts er Móholt (Örnefnaskrá Skildinganess) sem hefur heitið svo vegna mótöku á svæðinu. Efnistakan á svæðinu kann því að hafa farið fram á 18. öld en sléttunin frá miðri 19. öld. Ekkert í rannsókninni gefur tilefni til nákvæmari tímasetningar.

Heimildir

Betri hverfi 2017 - vestur. Grímsstaðavör - Frágangur við gráslepppuskúra (skipulagsuppdráttur).

Gunnar Ingibergur Guðjónsson. Munnleg heimild (símaviðtal tekið 16/08 2017)

Klemens Jónsson (1929). *Saga Reykjavíkur I*. Reykjavík: Steindór Gunnarsson

Tillaga að úrbótum - Grímsstaðavör - Betri hverfi 2017. Óútgefið vinnuskjal.

Örnefnaskrá Skildinganess (http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=586302). Slóð skoðuð 17/08 2017